

## Sitjum ekki undir svona ofbeldisaðgerðum

**Innköllun aflaheimilda er vanhugsuð aðgerð sem leiðir til skammtímahugsunar í sjávarútvegi í stað langtímamarkmiða. Hugmyndin er sprottin af áróðri gagnvart atvinnugreininni og einsleitum hagfræðikenningum, að mati Eiríks Tómassonar framkvæmdastjóra Þorbjarnar hf. í Grindavík.**

„Það er ótrúlegt að menn skuli láta sér detta í hug að fyrna atvinnuréttindi þeirra sem stunda sjóinn og setja atvinnuvegin þar með í uppnám. Þetta er hvergi gert í heiminum, þrátt fyrir kenningar fræðimanna. Flest sjávarútvegsfyrirtækin sem eru í rekstri í dag eiga sér langa sögu. Mörg þeirra eiga rót sína að rekja marga áratugi og jafnvel árhundruð aftur í tímann og voru í sjávarútvegi löngu áður en takmarkanir á veiðum voru innleiddar. Þau tóku þátt í að skapa þau verðmæti sem eru í auðlindinni í sjónum, með veiðum, þróun vinnslu sjávarafurða og markaðsókn. Þau eru í mikilvægum og verðmætum viðskiptasamböndum sem hefur tekið langan tíma að koma á og búa til. Þessi fyrirtæki halda meira og minna uppi atvinnu á landsbyggðinni og hafa nýtingar- og atvinnuréttindi til sjósóknar byggð á langri veiðireynslu og kaupum á rétti til veiða úr sjávarauðlind Íslendinga. Ég skynja það þannig að hugmyndirnar um fyrningu aflaheimilda séu fyrst og fremst komnar frá sömu elítunni á höfuðborgarsvæðinu og formaður VG sagði að væri með glýju í augum yfir ESB og teldu að veröldin endaði í Ártúnsbrekku og suður við Straum. Ég trúi því ekki að Vinstri grænir láti þetta ganga eftir, þeir bera ábyrgð á sjávarútvegsmálum í ríkisstjórninni,” sagði Eiríkur Tómasson framkvæmdastjóri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækisins Þorbjarnar hf. í Grindavík í samtali við Fiskifréttir.

„Bara það að svona yfirlýsingar séu settar í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar hefur strax þau áhrif að menn í greininni draga saman seglin, fara varlega í allar fjárfestingar sem fyrirhugaðar voru. Óvissa tekur við af öryggi. Þessi óvissa nær til starfsfólks og stjórnenda í sjávarútvegi og þjónustugreina hans. Það kæmi mér heldur ekki á óvart þótt veðhafar færu að hugsa sinn gang, bæði ríkisbankarnir og aðrir lánveitendur. Skammtímahugsun tekur við af langtímasýn. Enginn getur horft lengra fram í tímann,” segir Eiríkur.

### Fyrirtækin mjög skuldug eftir hrunið

„Ég sé ekki að þau fyrirtæki sem starfrækt eru í dag séu í stakk búin til þess að kaupa aftur aflaheimildirnar sem frá þeim væru teknar. Þau fóru illa í bankahrununu og sitja uppi með stórauðnar skuldir hrunsins vegna sem þau verða að borga af. Það tekur þau allt að tíu ár að komast út úr skuldunum, en þau voru almennt með ágæta eiginfjárstöðu fyrir hrunið. Til þessara skulda var stofnað eftir að Alþingi hafði hvatt til þess með

lagasetningu að sjávarútvegurinn sæi sjálfur um að hagræða í greininni með fækkun skipa og sameiningu veiðiheimilda, öfugt við það sem gerist innan ESB, sem er fyrirheitna land margra. Það gerðist með kaupum á aflaheimildum sem margir tóku lán fyrir, í þeirri trú að treysta mætti lögum settum af Alþingi. Nú er talað um að rýmka þurfi fyrir nýliðum í greininni með því að taka aflaheimildir af þeim sem fyrir eru, heimildir sem þeir hafa keypt í samræmi við lög frá Alþingi. Munu þessir nýju aðilar þá ekki þurfa að flytja inn ný skip og byggja ný fiskvinnsluhús? Hvaða sátt er fólgin í fyrningarleiðinni? Framlegð rekstrar útgerðar og fiskvinnslu hefur aukist smám saman í takt við hagræðingaraðgerðir þær sem sjávarútvegurinn hefur sjálfur kostað. Á að kasta því öllu fyrir róða?" spyr Eiríkur.

### **Þyrftum að leggja skipum**

- *Hvað áhrif myndi innköllun aflaheimilda hafa á þitt fyrirtæki?*

„Við myndum ekki þola þessa aðgerð frekar en aðrir. Strax þegar fyrstu fimm prósentin yrðu af okkur tekin myndum við þurfa að leggja fyrsta skipinu og svo þyrftum við að fækka um eitt skip á tveggja til þriggja ára fresti. Þegar við værum búnir að tapa helmingi aflaheimildanna myndum við neyðast til að pakka saman og hætta. Ég óttast að þessar aðgerðir myndu leiða af sér alls kyns óheilbrigða viðskiptahætti eins og kennitölufلاك þegar menn væru komnir upp að vegg og vildu hrista af sér skuldirnar og byrja upp á nýtt. Er það æskileg þróun? Getur það kallast hagræðing? Er rétt að eyðileggja farsæla uppbyggingu í sjávarútvegi síðustu ára undir yfirsökni réttlætis og sáttargjörðar? Sjávarútvegurinn mun ekki sætta sig við fyrningarleið ríkisstjórnarinnar og mun ekki sitja undir slíkum ofbeldisaðgerðum, eins og boðaðar eru í ríkisstjórnarsáttmálanum. Fyrningarleið er alls ekki leið til satta um málefni sjávarútvegsins.”

### **Samkvæmt hagfræðikenningum sem virka ekki í raunveruleikanum**

„Þeir sem mest hafa talað fyrir því að hirða þurfi aflaheimildirnar af handhöfum þeirra í dag eru menn sem selt hafa frá sér kvótann og vilja komast aftur inn í kerfið með auðveldum hætti. Menntamenn, aðallega hagfræðingar menntaðir í Bandaríkjunum, og ríkissósíalistar hafa svo tekið undir þessa skoðun í samræmi við þá kenningu sína að bjóða eigi upp nýtingarrétt á auðlindum, þannig að ríkið fái allan arðinn. Þeir eru andstæðingar frjáls framtaks, sem er þó drifkraftur heilbrigðs samfélags. Hins vegar er ekkert gefið fyrir þá staðreynd að í sjávarútvegi þarf að ríkja langtímahugsun og stöðugleiki svo mestu mögulegri hagkvæmni sé náð. Kaup á nýjum í skipum er til dæmis langtímafjárfesting sem ekki þýðir að ráðast í nema menn viti hvaða verkefni þau muni hafa. Hæsta markaðsverð næst ekki nema með stöðugleika í vinnslu og afhendingu vörunnar. Einn mikilvægasti þátturinn í rekstri sjávarútvegs er að rækta góð og

langvarandi sambönd við kaupendur, eins og í öllum öðrum framleiðslugreinum. Þessu á öllu á að kasta fyrir róða til þess að geta framfylgt vanhugsuðum hagfræðikenningum og ríkissósíalisma um uppboð á veiðiheimildum. Manni verður hugsað til þess að Alþýðuflokkurinn, forveri Samfylkingarinnar, ætlaði að þjóðnýta togarafлотann upp úr kreppunni miklu á síðustu öld. Sem betur fer var því afstýrt. Sjávarútvegurinn mun aldrei sætta sig við fyrningarleiðina, sem leiðir til upplausnar í atvinnugreininni og á landsbyggðinni. Mér virðast áformin um hana vera að snúast upp í átök milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Ég trúi því ekki að Vinstri græn láti Samfylkinguna leiða sig út í þetta fen,” sagði Eiríkur Tómasson.